

Reykjavík, 22. mars 2022
PON22030030

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Útboð 15346 – Microsoft EAS og Azure hugbúnaðarleyfi

Meðfylgjandi er erindisbréf um Endurnýjun á EAS og Azure hugbúnaðarleyfum.

Þann 22. mars 2022 voru opnuð tilboð í útboð nr. 15346 – „Microsoft EAS og Azure hugbúnaðarleyfi“ og barst tilboð frá tveimur aðilum.

Aðilarnir sem buðu eru þessir:

1. Advania Ísland ehf. með tilboð í EUR
2. Crayon Iceland ehf. með tilboð í EUR

Lægsta gilda tilboð var tilboð Crayon Iceland ehf, EUR 6.250.819,- án vsk. (um 892 mkr m. vsk á 3 árum eða um 297 mkr á ári).

Um er að ræða svo kölluð EAS-leiguleyfi fyrir 6.000 notendur í „skrifstofuumhverfi“ Reykjavíkurborgar, ásamt ýmsum miðlægum leyfum. (Önnur leyfi eru notuð fyrir SFS).

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lægst bjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lægst bjóðandi, Crayon Iceland ehf, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi.

Upplýsingatæknideild leggur til að gengið verði að tilboði frá Crayon Iceland ehf, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsganga og er jafnframt lægsta tilboðið.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Tómas Guðmundsson,
Tæknistjóri skjálausna, UTR